

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Sólveigar Pétursdóttur
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík.

Undirritaðir dómarafulltrúar óska eftir að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna 17. gr. frumvarps til laga um dómstóla sem felur í sér niðurlagningu á stöðum dómarafulltrúa.

Flestar stöður dómarafulltrúa eru í dag skipaðar reynslumiklum dómarafulltrúum sem fram að dómi Hæstaréttar 18. maí 1995, þar sem meirihluti Hæstaréttar komst að þeirri niðurstöðu að staða dómarafulltrúa uppfyllti ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, störfuðu algerlega sjálfstætt að dómstörfum og fóru með alla málaflokka og í sumum tilvikum til jafns við héraðsdómara.

Löggjafinn brást skjótt við dómi Hæstaréttar til að koma í veg fyrir að ófremdarástand skapaðist hjá dómstólunum. Sett voru lög nr. 80/1995 um breytingu á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989, sem höfðu í för með sér verulega takmörkun á verksviði dómarafulltrúa. Síðan hafa dómarafulltrúar farið með takmarkað dómsvald í umboði viðkomandi dómstjóra eða héraðsdómara. Þannig hafa dómarafulltrúar stýrt reglulegum dómþingum í einkamálum og áritað stefnur og kveðið upp útvistardóma. Þeir hafa stýrt þinghöldum í gjaldþrotaskiptamálum og kveðið upp gjaldþrotúrskurði. Einnig hafa þeir þingfest ákærumál og lokið málum þar sem vörnum er ekki haldið uppi með viðurlagaákvörðun eða útvistar- eða játningardómi. Þá hafa þeir kveðið upp gæsluvarðhaldsúrskurði og aðra rannsóknarúrskurði. Loks hafa þeir farið með ágreiningsmál fram að aðalmeðferð. Fleira mætti til nefna, en rétt er að taka fram að verksvið dómarafulltrúa hefur verið breytilegt milli dómstóla.

Verði 17. gr. frumvarpsins að lögum koma dómara til með að annast flest ef ekki öll framanrakin dómstörf sem verður að telja umfangsmikil. Næsta víst þykir að flestir þeirra dómarafulltrúa sem lengstan hafa starfsaldurinn muni láta af störfum við

dómstólana og að stöður hinna löglærðu aðstoðarmanna sem frumvarpið gerir ráð fyrir að megi ráða til aðstoðar dómurum verði skipaðar nýútskrifuðum lögfræðingum. Verður ekki séð að vinna þeirra í þágu dómara muni geta vegið upp á móti hinum auknu verkefnum þeirra. Mun því óbreyttur fjöldi dómara ekki geta annað því aukna álagi sem breytingin hefur í för með sér. Hætt er því við að það muni tapast sem áunnist hefur eftir aðskilnað varðandi skilvirkni dómstólanna og málatími lengist á ný.

Sérstök ástæða þykir til að vekja athygli á því ófremdarástandi sem hlýtur að skapast við þá þrjá dómstóla þar sem nú starfar einn héraðsdómari og einn dómarafulltrúi. Í því sambandi þykir rétt að minna á að í nefndaráliti með lögum nr. 80/1995 var tekið fram að ekki væri talið unnt vegna aðstæðna utan Reykjavíkur að takmarka heimildir fulltrúa til að kveða upp gæsluvarðhaldsúrskurði.

Þó ástæða þyki til að fagna því að því skuli stefnt að einungis dómara fari með dómsvald, þá þykir ástæða til að vara við fyrirkomulagi sem leitt getur til þess að svo virðist sem dómara vinni dómstörf sem í reynd verða í einhverjum mæli unnin af aðstoðarmönnum þeirra. Slíkt fyrirkomulag er til þess fallið að rýra traust almennings á dómstólunum.

Eins og í upphafi var vikið að eru flestar dómarafulltrúastöður skipaðar dómarafulltrúum sem hafa langa og mikla reynslu af dómstörfum, sem dómarafulltrúar og settir dómara um lengri eða skemmri tíma. Dómarafulltrúum sem umsagnarnefnd um umsækjendur um dómaraastöður hefur metið hæfa og vel undir það búna að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Með niðurlagningu á stöðum dómarafulltrúa munu flestir þessara dómarafulltrúa láta af störfum við dómstólana. Verður ekki séð að sú niðurstaða geti þjónað hagsmunum þeirra. Verði hins vegar fallist á að niðurlagning á stöðum dómarafulltrúa leiði óhjákvæmilega til þess að fjölga verði dómurum verulega, mun það væntanlega leiða til þess að margir dómarafulltrúar verði dómara og dýrmæt reynsla þeirra þannig nýtast dómstólunum um ókomin ár.

Virðingarfyllst,

Þórunn Þórunn
Anna Þórunn
Julius Þ. Þorgeirsson
Ingvaldur Einarsson
Stella Þórunn
Ing Tryggvason
Greta Baldursdóttir
Þórunn Þórunn